

Miðvikudaginn 17. maí 1967.

Nr. 4/1966.

**Alþýðusamband Íslands f. h. Sambands
matreiðslu og framreiðslumanna vegna
Félags framreiðslumanna f. h. Friðbjörns
Halldórs Guðmundssonar**

(Gunnar Sæmundsson hdl.)

gegn

**Sambandi veitinga- og gistihúsaeygenda f. h.
Hótel Sögu (Jón Magnússon hdl.).**

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds,
Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Frávísunarkröfu hrundið.

Úrskurður.

Mál þetta er upphaflega höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 20. sept. f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna vegna Félags framreiðslumanna f. h. Friðbjörns Halldórs Guðmundssonar gegn Sambandi veitinga- og gistihúsaeygenda f. h. Hótel Sögu í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda voru þessar:

1. að uppsögn Hótel Sögu, dags. 25. maí þ. á., er Friðbirni Halldóri Guðmundssyni framreiðslumanni var sagt upp starfi frá 1. júlí 1966 að telja, yrði dæmd ólögmet.
2. að Hótel Sögu yrði dæmt að greiða sekt í rikissjóð fyrir brot á 11. gr. laga nr. 80/1938.
3. að Hótel Sögu yrði dæmt að greiða Friðbirni Halldóri Guðmundssyni kr. 100.000.00 í skaðabætur.
4. að stefnda yrði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krafðist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Til vara krafðist hann sýknu af sektarkröfu stefnanda og skaðabótakröfu hans, enda yrði þá málskostnaður látinn falla niður.

Í samráði við dóminn var sakarefni skipt samkvæmt

heimild 71. gr. laga nr. 85/1936, þannig að frestað var málflutningi um skaðabótakröfu stefnanda.

Dómur um tvo fyrstu kröfuliði stefnanda gekk hinn 20. des f. á. með þeim úrslitum, að uppsögn Hótel Sögu, 25. maí f. á., á starfi Friðbjörns Halldórs Guðmundssonar var dæmd ólögmat, en sýknað var af refsikröfu stefnanda. Ákvörðun um málskostnað var frestað þar til dæmt yrði um skaðabótakröfu stefnanda.

Er munnlegur málflutningur um skaðabótakröfuna skyldi fara fram hinn 10. þ. m., endurtók stefndi þá kröfu, sem hann áður hafði gert í greinargerð sinni, að skaðabótakröfu stefnanda yrði vísað frá dómi, og fór fram málflutningur um það atriði sérstaklega, en málflutningi um skaðabótakröfuna sjálfa var frestað.

Stefndi styður kröfu sína um frávisun þeim rökum, að ákvæði 44. gr. laga nr. 80/1938 veiti Félagsdómi eigi heimild til þess að leggja dóm á skaðabótakröfu stefnanda og að slík heimild verði eigi heldur leidd af ákvæðum 65. gr. nefndra laga, sem takmarkist af ákvæðum 44. gr. sömu laga. Beri því að vísa skaðabótakröfunni frá Félagsdómi.

Stefnandi hefur mótmælt frávisunarkröfunni og krafizt þess, að henni verði hrundið, þar sem áðurnefnd lagaákvæði veiti Félagsdómi skýlausa heimild til þess að leggja efnisdóm á skaðabótakröfuna.

Samkvæmt eðli máls og orðalagi 44. gr. og 65. gr. laga nr. 80/1938 verður að skýra nefnd ákvæði á þá lund, að Félagsdómi beri að dæma um viðurlög og bætur vegna réttarbrotta og ólögmatra athafna, sem hann á dóm um samkvæmt nefndum ákvæðum laga nr. 80/1938.

Verður frávisunarkrafa stefnda samkvæmt þessu eigi tekin til greina.

Úrskurðarorð:

Frávisunarkrafa stefnda er ekki tekin til greina.
